

Ed.

711. Nefndarálit

[218. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 29. apríl 1967, um skólakostnað.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og kynnt sér umsögn Skólaeftirlitsins, sem er jákvæð. Að athuguðu máli leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Á eftir 1. málsg. 29. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Rekstrarkostnaði héraðsskóla, sem reistir hafa verið af ríki og sveitarfélögum og ekki hafa verið afhentir samkvæmt lögum nr. 34 18. apríl 1962, skal, ef hlutað-eigandi sveitarfélög óska, skipta eftir ákvæðum laga nr. 41 17. maí 1955, og gilda ákvæði þeirra laga um rekstrarkostnað einnig fyrir skólaárið 1968—1969.

Alþingi, 9. maí 1969.

Auður Auðuns,
form.
Jón Þorsteinsson.

Ólafur Björnsson,
fundaskr.
Páll Þorsteinsson.
Gils Guðmundsson.

Steinþór Gestsson,
frsm.
Ólafur Jóhannesson.